

ur í Rvík, Valgerður Helga átti J. Wilfred Got kaupþýslumann í Grimsby á Englandi. (Ættir Síðupresta; Mgbl. 28. okt. 1952; Tíminn 27. okt. 1962 og 10. sept. 1963).

Bjarni Oddsson (19. júní 1907—6. sept. 1953). Læknir. Foreldrar: Oddur Bjarnason skósmiður í Rvík og kona hans Andrea Guðlaug Kristjánsdóttir trésmíðs s. st., Teitssonar. Stúdent í Rvík 1928 með 2. einkunn (5.74). Lauk prófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1934 með 1. einkunn (158½ st.). Stundaði framhaldsnám og læknisstörf í sjúkrahúsum erlendis næstu ár. Starfandi læknir í Rvík frá 1. jan. 1946 til æviloka, og starfaði að handlækningum aðallega við St. Jósefsspítalann, m. a. að heila- og taugaskurðum. Dó í Rvík. Ritstörf: Spinal meningioma (doktorsrit), Copenhagen 1947. Læknabl. 1949 og 1952, og Acta psychiatrica et neurologica Scandinavica, 1944. Kona (5. ág. 1934): Ásta Júlía (f. 28. okt. 1914) Árnadóttir kaupm. í Rvík, síðar í Ameríku, Benediktssonar. Börn þeirra: Oddur Jón læknir, Örn Helgi skrifstofum. í Rvík, Halldór Árni kennari, Gunnar. Ásta átti síðar Jóhannes lækni Björnsson. (Læknar á Íslandi).

Bjarni Pálsson (26. jan. 1816—7. febr. 1892). Bóndi. Foreldrar: Páll Bjarnason í Hnappavallahjáleigu í Örfum og k. h. Elín Þorsteinsdóttir á Svínafelli, Sigurðssonar. Bóndi á Hnappa-

völlum frá 1838 til æviloka. Góður búhöldur; atorkumaður svo mikill, að honum féll aldrei verk úr hendi“. „Vel greindur og fróður um margt, jafnlyndur og mannúðlegur“. Gestrisinn og manna hjálpsamastur. Kona (9. maí 1838): Ingunn (d. 2. des. 1881, 66 ára) Magnúsdóttir á Hnappavöllum, Þorsteinssonar. Af 11 börnum þeirra lifðu: Magnús bóksali, fór til Vesturheims, Páll á Hnappavöllum, Kristín, Guðrún. (Kirkjubækur; o. fl.).

Bjarni (Jón B.) Pétursson (25. apríl 1885—28. febr. 1956). Framkvæmdastjóri. Foreldrar: Pétur Jónsson blikksmiður í Rvík og kona hans Anna Kristjana Bjarnadóttir á Hamri í Hafnarfirði, Oddssonar. Lærði blikksmiði hjá föður sínum og stundaði síðan framhaldsnám í Danmörku og Þýskalandi. Tók við framkvæmdastjórn blikksmiðju föður síns 1908 og rak hana, ásamt Kristni bróður sínum, til æviloka. Þeir bræður stofnuðu einnig stáltunnugerð. Forstjóri útgerðarfélags um skeið. Starfaði í G.T.-reglunni. Frímúrari. Form. Fríkirkjusafnaðarins í Rvík frá 1950. Kona (16. maí 1907): Ingibjörg (f. 2. apríl 1885, d. 8. des. 1965) Steingrímsdóttir smíðs í Hafnarfirði, Guðmundssonar. Börn þeirra: Steingrímur, dó við nám í menntaskóla, Anton einnig látinn, Margrét látin, átti Gústav verkfræðing Pálsson, Anna átti fyrr Jörgen Hansen, skildu, síð-

ar Guðlaug Kristmundss. verzlunarstj. í Rvík, Inga Lilja átti Þorstein sölustjóra Sigurðsson. (Ýmsar heimildir).

Bjarni Sighvatsson (22. júlí 1892—20. ágúst 1953). Bankastjóri. Foreldrar: Sighvatur Bjarnason bankastjóri í Rvík og kona hans Ástgerður Ágústa Sigfúsdóttir prests á Undirfelli, Jónssonar. Nám í Menntaskólanum í Rvík. Nám í bankafræðum í Khöfn (í Privatbanken). Forstjóri útgerðarfél. Draupnis í Vestmannaeyjum 1917—19, rak síðan togaraútgerð í Rvík (ásamt öðrum). Bankaritari í Íslandsbanka í Rvík, síðar (frá 1930) Útvegsbanka, bankastjóri í útibúi hans í Vestmannaeyjum frá 1947 til æviloka. „Undir bankastjórn Bjarna gerðist Útvegsbankinn virkur þátttakandi í stuðningi við fólkið, sem framleiðslustörfin vinnur“. Kona (3. nóv. 1917): Kristín (f. 26. okt. 1901, d. 17. des. 1957) Gísladóttir gullsmíðs í Stakkagerði í Vestmannaeyjum, Lárussonar. Börn þeirra: Sighvatur bankagjaldkeri í Vestmannaeyjum, Gísli verzlunarm. síðast í New-York, Lárus kand. agron. í Rvík, Ásgeir Kristinn dó barn, Jóhanna Theódóra átti fyrr Birgi Þorgilsson fulltrúa hjá Flugfélagi Íslands, síðar Guðjón Guðmundsson rafvirkja í Hafnarfirði. (Tíminn 26. ág. 1953; o. fl.).

Bjarni Sigurðsson (12. ágúst 1853—29. maí 1924). Hreppstjóri. Foreldrar: Sigurður

Tómasson í Þerney á Kollafirði syðra og kona hans Guðrún Siguríður Þorsteinsdóttir á Stokkahlöðum í Eyjafirði, Gíslasonar. Bjó á Hofi á Kjalarnesi 1882—98. Síðan bóndi á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi. Átti lengi sæti í hreppsnefnd. Hreppstjóri frá 1912 til æviloka. Kona (9. nóv. 1883): Vigdís (f. 9. ágúst 1850, d. 29. ág. 1936) Sigurðardóttir bónda á Sandi í Kjós, Ólafssonar. Börn þeirra: Guðrún kennari átti Jón vezlunarstjóra Proppé í Ólafsvík, síðar í Rvík, Ólafur á Brimilsvöllum, Lára átti Jón Gíslason póstafr.m. í Ólafsvík. (Br.T.; o. fl.).

Bjarni (Magnús) Sigurðsson (1. ág. 1867—26. okt. 1957). Skrifstofustjóri. Foreldrar: Sigurður Nikulásen á Þykkvabæjarklaustri í Álfaverri og kona hans Rannveig Bjarnadóttir s. st., Jónssonar. Búfræðingur á Eiðum 1887. Stundaði kennslustörf á ýmsum stöðum á Austurlandi frá 1887—1912. Utgerðarmaður á Eskifirði 1906—24. Gæzlustjóri Landsbankans á Eskifirði 1918—24. Gjaldkeri hjá Bræðrunum Ormsson í Rvík 1924—30. Skrifstofustj. landsmálafél. Varðar frá 1930 fram á síðasta æviár. Ritstörf: Þáttur um Þórð Eiríksson á Vattarnesi, í Austurlandi III, 1951. Sögur og greinar í Dýraverndaranum, Morgunbl. og víðar. Kona (21. júlí 1894): Þórunn Jónína (f. 5. nóv. 1872, d. 25. marz 1949) Eiríksdóttir bónda á Vattarnesi, Þórðarsonar. Börn